

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 459/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Frávísun að hluta. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1989 að ósk ákærða og af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu ákærða, sem er fæddur 15. júní 1958, er aðallega krafist ómerkingar hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað heim í hér- að til dómsálagningar að nýju, en til vara, að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa.

Ómerkingarkrafan er á því reist, að eigi hafi verið gætt við meðferð málsins í héraði meginreglu opinbers réttarfars um milliliðalausa málsmeðferð, þar sem ákærði hafi eigi komið fyrir dómurann, sem dæmdi málið í héraði, heldur hafi annar dómari birt honum ákæru, kynnt honum gögn málsins og tekið af honum skýrslu. Ákærði hafi því ekki notið réttlátrar málsmeðferðar að þessu leyti, svo sem honum hafi borið réttur til.

Nokkur óvissa virðist hafa verið um það, hvar ákærði átti heimili, meðan á rekstri málsins stóð í héraði, og vandkvæði verið á boðun hans fyrir sakadóm Akureyrar. Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 1. september 1988 að beiðni bæjarfógetans á Akureyri. Þar var honum birt ákæra, kynnt gögn málsins og skýrsla tekin af honum. Í þessari dómskýrslu tjáði ákærði sig um öll ákæruatriði og gekkst við þeim í einu og öllu. Jafnframt voru honum kynntar framkomnar skaðabótakröfur, og samþykkti hann þær athugasemdalaust. Dómsrannsókn þessi er nægilega ýtarleg og engum ágöllum haldin (sic). Málið er einfalt í sniðum og álitafni þess

rækilega leidd í ljós, þegar undan er skilinn 500 króna tékki, sem fjallað verður um hér á eftir. Þegar til alls þessa er litið, eru ekki, eins og hér stendur á, næg skilyrði til þess að taka ómerkingar-kröfuna til greina.

Í IV. kafla ákærunnar er fjallað um innistæðulausan tékka, að fjárhæð 500 krónur, er ákærði gaf út á ávísanareikning sinn í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri í desember 1985. Er hann ákærður fyrir að hafa notað tékka þennan í staðgreiðsluviðskiptum. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði hafa gefið tékkann út í þeirri trú, að næg innistæða væri á reikningnum. Eigi nýtur í málinu fullnægjandi gagna frá nefndu bankaútibúi um stöðu ávísanareiknings ákærða á þessu tímabili, þ.e. hvort einhver inneign var þá á reikningnum og hversu há, ef hún var til staðar. Við svo búið brast skilyrði til að fjalla efnislega um þetta ákæruatriði. Ber því að fella úr gildi úrlausn héraðsdómara um það og vísa IV. kafla ákærunnar frá héraðsdómi. Af því leiðir samkvæmt 2. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að einnig ber að vísa frá héraðsdómi bótakröfu vegna tékka þessa, að fjárhæð 500 krónur, auk vaxta.

Að öðru leyti ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsí-ákvæða, en refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Þess er hvorki óskað af hálfu ákæruvalds né ákærða, að skaðabótakröfur, sem um er fjallað í héraðsdómi, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Stendur því óhögguð úrlausn héraðsdómara um skaðabætur og vexti af þeim, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974, að frá talinni áðurnefndri 500 króna bótakröfu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Ákæra í málinu er dagsett 17. mars 1987. Héraðsdómur var kveðinn upp rúmlega 28 mánuðum síðar. Ber að átelja þennan óhæfilega drátt á meðferð málsins.

Meðan á rekstri máls þessa stóð, sætti ákærði nokkrum sinnum ákærum fyrir ýmis hegningarlagabrot, aðallega skjalfals og auðgunarbrot. Þau mál voru öll höfðuð fyrir sakadómi Reykjavík-

ur, áður en héraðsdómur gekk í þessu máli. Við svo búið var óeðlilegt að reka þetta mál eitt fyrir sakadómi Akureyrar. Rétt hefði verið að sameina það einu eða fleiri þeirra mála, sem samtímis því voru rekin fyrir sakadómi Reykjavíkur. Þessi háttur á málarekstri gegn ákærða var andstæður hagsmunum hans og er aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð:

IV. kafla ákæru er vísað frá héraðsdómi svo og framan-greindri bótakröfu.

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 26. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 21. þ.m., var höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali saksóknara ríkisins, út gefnu 17. mars 1987, á hendur Bjarna Leifi Péturssyni, Keilusiðu 5, Akureyri, fyrir eftirtalin brot:

„I. Notað í september 1986 í Reykjavík eftirtalda tékka, sem ákærði hafði falsað á undirskriftina Jón Sigurðsson og gefið út til handhafa og notað tékkanúmerið 168, nema annað sé nefnt:

- A. Tékka á eyðublaði nr. 960499 frá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, að fjárhæð kr. 9.000,00, út gefinn 20.9.86. Ákærði fékk stúlku til að framvísa tékkanum fyrir sig í veitingahúsinu Hrafninum við Skipholt í Reykjavík, en þar voru þau handtekin.
- B. Tékka á eyðublað frá Samvinnubanka Íslands hf., útibúinu Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, en þessa tékka fékk ákærði féлага sinn til að framselja fyrir sig:
 1. Nr. 6994870, kr. 9.000, út gefinn 20.9.86. Ákærði notaði tékkann til greiðslu á farmiða hjá Flugleiðum.
 2. Nr. 6294872, kr. 7.000, út gefinn 20.9.86. Ákærði lét greiða með tékkanum fyrir sig á einni af bensinstöðvum Shell.
 3. Nr. 6294873, kr. 8.500, út gefinn 20.9.86. Ákærði notaði þennan tékka eins.

4. Nr. 6294875, kr. 8.000, út gefinn 20.9.86. Ákærði lét greiða með tékkanum fyrir sig á einni af bensinstöðvum Olís.

Teljast framangreindir verknaðir ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Aðfaranótt laugardagsins 15. nóvember 1986 stolið veski af konu á veitingastaðnum H-100 á Akureyri, en í veskinu voru ýmsir munir auk skilríkja, vísa-korts og tékkhefta.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Laugardaginn 15. nóvember 1986 notað í viðskiptum í versluninni Hagkaupum á Akureyri tékka, að fjárhæð kr. 11.000, og svikið sér þannig út fé. Tékkinn er á eyðublaði nr. 519698 frá Sparisjóði Svarfdæla, Dalvík, en tékkann fyllti ákærði heimildarlaust út nema undirskrift útgefanda, Helgu Bjarkar, nafnnúmer 3896-2906, en með þeirri undirskrift var tékkinn, er hann komst í hendur ákærða við framangreindan þjófnað. Auk fjárhæðar fyllti ákærði út reikningsnúmerið 186 útgáfudaginn 15.11.86 til handhafa.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Notað í desember 1985 innistæðulausan tékka, að fjárhæð kr. 500, á reikning sinn, nr. 12479, í Landsbanka Íslands, útbúinu á Akureyri. Tékkinn er á eyðublaði nr. 2539918, gefinn út 18. desember 1985 til handhafa, og notaði ákærði tékkann sama dag í staðgreiðslu viðskiptum í versluninni Hagkaupum á Akureyri.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði hefur 10 sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir ýmis brot og sætt 23 refsidómum, þar af þremur á árinu 1987 (4 mán. fangelsi fyrir skjalafals o.fl., 30 daga fangelsi fyrir skjalafals og 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað), einum á árinu 1988 (6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik) og einum á árinu 1989 (40.000 króna sekt fyrir ölvun við akstur)].

Málavextir.

I. kafli ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, rannsóknarlögreglu Akureyrar og fyrir dómi að hafa í september 1986 notað tékka, sem ákærði hafði fasað á undirskriftina Jón Sigurðsson og gefið út til handhafa og notað tékkanúmer 168, nema annað sé tekið fram.

A. Tékka á eyðublaði nr. 960499 frá Alþýðubankanum, Lauga-vegi 31, Reykjavík, að fjárhæð kr. 9.000, út gefinn 20.9.1986, en ákærði fékk stúlku til að framvísa tékkanum fyrir sig í veitingahúsinu Hrafninum við Skipholt í Reykjavík, en þar voru þau handtekin.

B. Tékka á eyðublað frá Samvinnubanka Íslands, útibúinu Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, en þessa tékka fékk ákærði féлага sinn til að framselja fyrir sig:

1) Tékka nr. 6994870, að fjárhæð kr. 9.000, út gefinn 20.9.1986, en ákærði notaði tékkann til greiðslu á farmiða hjá Flugleiðum.

2) Tékka nr. 6294872, að fjárhæð kr. 7.000, út gefinn 20.9.1986, en ákærði lét greiða fyrir sig með tékkanum á einni af bensinstöðvum Shell.

3) Tékka nr. 6294873, að fjárhæð kr. 8.500, út gefinn 20.9.1986. Ákærði notaði þennan tékka á sama hátt og í 2. lið greinir.

4) Tékka nr. 6294875, að fjárhæð kr. 8.000, út gefinn 20.9.1986, en ákærði lét greiða fyrir sig á einni af bensinstöðvum Olís.

Með viðurkenningu ákærða og stoð í sakargögnum teljast þessir verknaðir hans sannaðir, og varða þeir við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur samþykkt eftirtaldar bótakröfur og verður dæmdur til að greiða skv. því:

Flugleiðum hf. kr. 9.000 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en síðan með almennum vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þ.d. til greiðsludags.

Skeljungi hf. kr. 15.500 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en síðan með almennum vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þ.d. til greiðsludags.

Olíuverslun Íslands hf. kr. 8.000 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en síðan með almennum vöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

II. kafli ákæru.

Ákærði hefur hjá rannsóknarlögreglu Akureyrar og fyrir dómi viðurkennt að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. nóvember 1986 stolið veski af konu á veitingastaðnum H-100 á Akureyri, en í veskinu voru ýmsir munir auk skilríkja, vísa-korts og tékkhefta.

Veskið ásamt innihaldi hefur ekki komið fram, og kveðst ákærði hafa hent veskinu ásamt öllu innihaldi í einhverja ruslafötu í miðbæ Akureyrar. Ákærði viðurkennir að hafa rifið einn tékkann úr með það fyrir augum að nota hann til að svíkja út peninga, eins og nánar kemur fram í III. kafla ákæru.

Með viðurkenningu ákærða og stoð í sakargögnum telst þessi verknaður hans sannaður, og varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skaðabótakröfu, sem uppi var höfð vegna þjófnaðar þessa, hefur ákærði þegar greitt.

III. kafli ákæru.

Ákærði hefur hjá rannsóknarlögreglu Akureyrar og fyrir dómi viðurkennt að hafa laugardaginn 15. nóvember 1986 notað í viðskiptum í versluninni Hagkaupum á Akureyri tékka, að upphæð kr. 11.000, og svikið þannig út fé.

Tékkinn er á eyðublaði nr. 519698 frá Sparisjóði Svarfdæla á Dalvík, en tékkann fyllti ákærði heimildarlaust út nema undirskrift útgefanda, Helgu Bjarkar, nnr. 3896-2906, en með þeirri undirskrift var tékkinn, er hann komst í hendur ákærða, við þjófnað þann, er greinir í II. kafla ákæru. Auk fjárhæðar fyllti ákærði út reikningsnúmer 186 útgáfudaginn 15.11.1986 til handhafa. Þar sem um rétta undirskrift á tékkanum var að ræða, fengu Hagkaup andvirði hans dregið út af reikningi Helgu Bjarkar hjá sparisjóðnum.

Þessi verknaður ákærða telst sannaður með stoð í viðurkenningu hans og öðrum sakargögnum og varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga. Skaðabótakröfu frá Helgu Björk Eiríksdóttur hefur ákærði samþykkt og þegar greitt.

IV. kafli ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu Akureyrar og fyrir dómi að hafa í desember 1985 notað innistæðulausan tékka, að fjárhæð kr. 500, á reikning sinn, nr. 12479, gefinn út 18. desember 1985 til handhafa á eyðublaði nr. 2539918, og að hafa þann sama dag notað tékkann í staðgreiðsluviðskiptum í versluninni Hagkaupum á Akureyri.

Með viðurkenningu ákærða og stoð í sakargögnum telst þessi verknaður hans sannaður, og varðar hann við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hefur samþykkt eftirtalda bótakröfu og verður dæmdur til að greiða samkvæmt því Hagkaupum hf. kr. 500 ásamt dómvöxtum frá 19.12.1985 til 14.4.1986, en síðan með almennum vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Viðurlög.

Þar sem ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, hefur, eftir að brot þau voru framin, sem hér er fjallað um, hlotið samtals 14 mánaða óskilorðsbundið fangelsi, ber að dæma honum hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur í máli þessu gert sig sekan um brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar skv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði skaðabætur til eftirtalinna:

Flugleiðum hf. kr. 9.000 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en með almennum vöxtum frá þ.d. til greiðsludags,

Skeljungu hf. samtals kr. 15.500 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en með almennum vöxtum frá þ.d. til greiðsludags,

Olíuverslun Íslands hf. kr. 8.000 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en með almennum vöxtum frá þ.d. til greiðsludags,

Hagkaupum, Akureyri, kr. 500 ásamt dómvöxtum frá 19.12.1985 til 14.4.1987, en síðan með almennum vöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.